

REGLUGERÐ

um breytingu tekjumarks skv. 11. og 12. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar.

1. gr.

Ellilífeyri (grunnlífeyri) skal skerðað í samræmi við ákvæði 11. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 ef árstekjur einstaklinga eða hjóna hvors um sig eru hærri en kr. 822.227 eða kr. 68.519 á mánuði.

2. gr.

Örorkulífeyri (grunnlífeyri) skal skerðað í samræmi við ákvæði 12., sbr. 11. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 ef árstekjur einstaklinga eða hjóna hvors um sig eru hærri en kr. 839.187 eða kr. 69.932 á mánuði.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 65. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 öðlast gildi 1. júlí 1994.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. júní 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um að aflétta friðun refa og um veiðar á refum og minkum.

1. gr.

Friðun refa skv. lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, er aflétt.

2. gr.

Um framkvæmd veiða á refum og minkum fer skv. 9., 12. og 13. gr. laga nr. 64/1994 sbr. og reglugerð nr. 177/1958 um eyðingu refa og minka eftir því sem við getur átt.

3. gr.

Heimilt er að nota áfram þær gildrur og þá fótboga sem notaðir hafa verið til þessa við minkaveiðar og til að ná tófuyrðingum við greni.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 7. gr. sbr. 12. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum öðlast gildi 1. júlí 1994.

Umhverfissráðuneytið 21. júní 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.